

## RITSTJÓRNARPISTILL



Ingibjörg E. Guðmundsdóttir.



Sigrún Jóhannesdóttir.



Sigrún Kristín Magnúsdóttir.

*Ágæti lesandi.*

Hér kynnum við Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun, sem gefið er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á fjölþættu sviði, m.a. að skapa vettvang fyrir umræðu um verkefni og viðhorf líðandi stundar.

Markmið ársritsins er að efla umræðu um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Einnig að safna saman og miðla reynslu, kynna það sem efst er á baugi í kennslufræðum, kenningum, aðferðum, námsleiðum, gögnum, tækjum og vefsíðum.

Viðbrögðin við fyrsta tölublaðinu voru afar jákvæð. Fjöldi fólks um allt land, stjórnendur, starfsfólk, nemendur og kennarar á ýmsum skólastigum hafa haft samband við okkur til þess að þakka okkur fyrir ritið. Greinilegt er að það hafði um nokkurt skeið vantað rit af þessu tagi, rit með margbreytilegum greinum um fræðslumál fullorðinna. Vantað rit sem ætlað er víðum hópi í samfélaginu; þeim sem sinna fræðslumálum, þeim sem eru þátttakendur og síðast en ekki síst öllum sem hafa áhuga á að kynna sér það sem er í deiglu hverju sinni.

Í þessu tölublaði ritsins er kynning á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar á árinu auk alhliða umfjöllunar um fullorðinsfræðslu á Íslandi í dag með fræðilegum greinum, skilgreiningum, sólskinsögum og lýsingum á ýmsum möguleikum sem standa þeim sem óska eftir fræðslu til boða. Nálgun viðfangsefna er út frá sjónarhóli þeirra sem

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á að þjóna, það er einstaklinganna, atvinnulífsins og samfélagsins.

Rauði þráðurinn í ritinu er umfjöllun um kennslufræði fullorðinna. Reynt hefur verið að hafa nálgun viðfangsefnisins sem fjölþættasta. Hvaða aðferðum er best að beita við að nálgast skammskólagengna og hvetja þá til náms? Læra fullorðnir öðruvísi en börn og unglingar og hvaða leiðir er best að fara til þess að mæta þörfum fullorðinna námsmanna. Eru kennsluáferðir sem samþætta þjálfun á persónulegri færni við þekkingaruppbygginu vænlegar við starfsmenntun? Þessar spurningar eru allar dæmi um það sem greinahöfundar leitast við að svara.

Að okkar mati miðar fullorðinsfræðsla að því að fólk fái tækifæri til að bæta þekkingu sína og færni til þess að mæta kröfum þekkingarsamfélagsins. Efling færni er einnig nauðsynleg forsenda nýsköpunar og framfara í atvinnulífinu, skilyrði þess að hægt verði að mæta kröfum framtíðarinnar. Samkeppnishæfni Íslands á heimsmarkaði byggist á því að starfsfólk auki stöðugt færni sína og yfirfæri hana jafnóðum á það starf sem það vinnur.

Ósk okkar er að Gátt verði kærkomin lesning öllum þeim sem að fullorðinsfræðslu koma og hvetjum við lesendur til að hafa samband, koma með ábendingar og hugmyndir og taka þátt í því með okkur að efla fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu.

*Ritstjórn*